

Viðauki VIII
um uppbyggingu
Víkurgötu í Urriðaholtis

Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, Garðabæ, og **Urriðaholt** ehf., kt. 500205-1050, Laugavegi 182, Reykjavík, gera með sér eftirfarandi viðauka við samkomulag um samstarf við uppbyggingu byggðar á Urriðaholti.

Í samningi aðila dags. 18. nóvember 2009 var kveðið á um að fresta uppbyggingu í Víkurgötu og álagningu gatnagerðargjalda. Nánar er um að ræða 21 einbýlishúsaloð.

Aðilar eru nú ásáttir að hefja uppbyggingu í Víkurgötu á sama hátt og gildir um aðrar lóðir í vesturhluta Urriðaholts.

1. Uppbyggingartími

Lóðirnar er nú þegar byggingahæfar. Lögð verður áhersla á uppbyggingu í samræmi við söluskilmála þar sem m.a. kemur fram í gr. 4.2 að aðilar skuli hafa lokið uppsteypu sökklá og botnplötu innan 12 mánaða frá gerð kaupsamnings.

2. Gatnagerð

Garðabær mun annast gatna- og göngustígagerð svo og frágang opinna svæða við Víkurgötu í samræmi við upphaflegan samstarfssamnings aðila. Urriðaholt/lóðarhafar ganga frá öllum svæðum innan lóðarmarka í samræmi við skipulag.

3. Gatnagerðargjöld

Gatnagerðargjöld verða innheimt við útgáfu byggingarleyfa í samræmi við gjaldskrá Garðabæjar. Gatnagerðargjöld fyrir einbýlishús er kr. 30.857 á fermetra og lágmarksgjald miðast við 240 fermetra hús.

Ofangreindar fjárhæðir eru samkvæmt byggingarvísitölu í júní 2017 659,5 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni.

4. Framlag vegna skóla og íþróttamannvirkja

Framlag Urriðaholts vegna skóla og íþróttamannvirkja skal vera óbreytt og greiðir Urriðaholt ehf. það gjald á þann hátt sem mælt er fyrir um í 13. gr. upphaflegs samstarfssamnings aðila.

Til staðfestu framangreindu rita aðilar undir viðaukasamning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta er staðfesta rétta dagsetningu og undirskrift aðila.

Garðabæ, / 2017

f.h. Garðabæjar

f.h. Urriðaholts ehf.